
STOFNUNARSAMNINGUR

milli Reykjalundar (RL) og Sálfræðingafélags Íslands (SÍ)

Stofnunarsamningur þessi er byggður á undirrituðum kjarasamningi milli SÍ og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, dags. 29. ágúst 2001 með breytingum og framlengingum, undirrituðum 26. mars 2005, 28. júní 2008 og 6. júní 2011.
Kjarasamninginn hafa sammingsaðilar gert að sínum.

1. grein Röðun starfa.

Sálfræðingur: lágmarksröðun er launaflokkur 13.

Sálfræðingur sem starfar sjálfstætt og ber sjálfur ábyrgð á faglegum gæðum verkefna sinna við greiningu, meðferð og/eða þátttöku í þverfaglegri teymisvinnu á vegum stofnunar.

Yfirsálfræðingur: lágmarksröðun er launaflokkur 14.

Sálfræðingur sem starfar sjálfstætt og ber sjálfur ábyrgð á faglegum gæðum verkefna sinna við greiningu, meðferð, þátttöku í þverfaglegri teymisvinnu á vegum stofnunar og/eða mótun starfsviðs sálfræðinga á stofnun. Hann hefur verkstjórnarskyldur, sinnir handleiðslu annarra fagstétta eða ber rekstrarlega ábyrgð.

2. grein Áhrif persónu- og tímabundinna þátta.

Meta skal persónubundna þætti sem gerir viðkomandi sálfræðing hæfari í starfi, svo og viðbótarálag í starfi. Þannig er vinnuveitanda gefið svigrúm til að meta þætti til launa sem ekki var krafist við ráðningu starfsmanns. Tryggja skal að áhugi og framtak starfsmanns við að afla sér endur- og símenntunar og aukinnar þekkingar leiði til launahækkunar. Hér skal einnig taka tillit til handleiðslu sem er nauðsynleg til að tryggja gæði í störfum sálfræðinga.

Eftirfarandi þættir skulu metnir umfram lágmarksröðun ef þeir hafa ekki þegar verið metnir að fullu til launa.

Persónubundnir þættir:

a) *Viðbótarmenntun:*
Doktorspróf

Ávinnsla:
1 launafll.

Viðurkennd sérmenntun á tilteknu sviði greiningar eða sálfræðilegrar meðferðar (s.s. hugræn atferlismeðferð, fjölskyldumeðferðarnám, réttindanám til handleiðslu annarra) sem að mati samstarfsnefndar nýtist í starfi á stofnuninni og er að lágmarki 200 kennslustundir

1 launafll.

b) *Handleiðsla og endurmenntun:*

Hafi sálfræðingur aflað sér handleiðslu og endurmenntunar sem nýtist í starfi og til sérfræðileysis skv. reglugerð nr. 1130/2012 skal meta neðangreinda áfanga til hækkunar:

1. áfangi: 100 kennslust og 20 handltímar eða 15 ECTS og 10 handltímar 1 þrep
 2. áfangi: 200 kennslust og 40 handltímar eða 30 ECTS og 20 handltímar 1 þrep
 3. áfangi: 300 kennslust* og 60 handltímar eða 45 ECTS og 30 handltímar 1 þrep
- * Kennslustund getur verið 40 – 60 mínútur.

c) *Sérfræðingsleyfi* skv. ákvæðum reglugerðar nr. 1130/2012. 1 launafll.

d) *Starfsreynsla eftir útskrift.*

Eftir 6 ár

1 þrep

e) *Tímabundnir þættir.*

Heimilt er að greiða að hámarki 3 þrep af launaflokki viðkomandi starfsmanns sem álag á laun vegna tímabundinna þátta, viðbótarábyrgðar og/eða álags vegna sérstakra verkefna, sbr. einkum eftirfarandi:

- álag vegna aukinna verkefna eða manneklu
- álag vegna sérstakra verkefna sem ráðist er í
- þjálfun og handleiðsla nýliða og nema
- sérstök hæfni, árangur og frammistaða sem starfsmaður sýnir í starfi
- fyrirlestrar, fræðsluerindi eða greinaskrif utan stofnunar.

Tímabundnir þættir geta verið breytilegir frá einum tíma til annars og álag á laun breytilegt í samræmi við það.

Ef tímabundið verkefni hefur varað í tvö ár, skal gerður ótímabundinn samningur.

Umsókn um álag á laun vegna tímabundinna þátta skal koma til launaskrifstofu. Samþykki næsta yfirmanns skal fylgja umsókn.

f) *Sérstök tímabundin umbun.*

Heimilt er að greiða sérstaka umbun umfram mánaðarlaun, sem aldrei skal þó nema hærri fjárhæð en 30.000 kr á mánuði. Það hámark tekur ekki breytingum á samningstímanum. Umbun þessi greiðist vegna sérstakra tímabundinna þátta og greiðist aldrei lengur en áhrif þeirra þátta vara.

3. grein.

Hlutverk samstarfsnefndar.

Um samstarfsnefnd er fjallað í grein 11.2. í kjarasamningi. Hún skal annast endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi sbr. grein 11.2. í kjarasamningi. Þar skal og samið um röðun starfa skv. 25. grein laga nr. 94/1986. Samstarfsnefnd skal enn fremur fjalla um ágreiningsmál sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings.

4. grein
Gildistími.

Stofnunarsamningurinn gildir frá 1. maí 2013. Um endurskoðun hans fer skv. grein 11.1.3.3. í kjarasamningi en þar segir að aðilar skuli endurskoða hann innan eins árs frá staðfestingu kjarasamnings og síðan eigi sjaldnar en annað hvert ár. Þar skal metið hvort ástæða sé til að gera breytingar á stofnansamningnum.

Reykjavík, 22. október 2013,

Samþykkt, f.h. Reykjalundar

Samþykkt
f.h. Sálfræðingafélags Íslands.

**Fylgiskjal með stofnunarsamningi Sálfræðingafélags Íslands og Reykjalundar,
undirrit. 22. október 2013.**

Vörpun fastra yfirvinnutíma.

Þann 1. maí 2013 var 8,5 föstum yfirvinnutímum varpað inn í grunnlaun starfsmanna. Vörpunin hafði í för með sér tveggja launaflokka hækkun á grunnröðun starfa sálfræðinga.